

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett sveitarfélaginu samþykkt um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skv. 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 2. gr.

Sveitarsjóður innheimtir skráningargjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda og ketti sem leyfi er veitt fyrir, sbr. gjaldskrá þessa.

#### 3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- a. Skráningargjald fyrir hund er kr. 2.848.
- b. Skráningargjald fyrir kött er kr. 2.848.

Skráningargjald er ekki endurgreitt við afskráningu. Innifalið í leyfisgjaldi er númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Líkt og segir í 3. gr. í samþykkt sveitarfélagsins um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skulu leyfishafar árlega, á tímabilinu október til nóvember, á eigin kostnað færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni í samræmi við ákvæði XV. kafla reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti. Leyfishafar skulu fyrir árslok ár hvert framvísa á skrifstofu hreppsins kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði frá dýralækni um hreinsun og skoðun hunds. Geri leyfishafi það ekki er sveitarfélaginu heimilt að rukka nýtt skráningargjald.

#### 4. gr.

Af hundum og köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Skútustaðahrepps samkvæmt 4. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 22/2017 skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn/kötturinn á ný, 5.200 kr. vegna handsömunar í fyrsta sinn og 10.400 kr. í annað sinn.

Óskráða hunda og ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 12. apríl 2017 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 43/2017.

*Mývatnssveit, 18. apríl 2017.*

**Þorsteinn Gunnarsson** sveitarstjóri.